



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 24.08.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 23. ágúst 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Strætó bs.

Lögð fram tillaga Strætó bs., dags. 2. mars 2017, þar sem lagt er til að fjölga ferðum Strætó á leið 29.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: tillaga Strætó bs. dags. 2. mars 2017.



Minnisblað

2.3.2017

Tílefni

Tillaga um fjölgun ferða á leið 29

Höfundur

Ragnheiður Einarsdóttir

INNGANGUR

Fulltrúar Strætó áttu fund með Hverfisráði Kjalarness þann 9. febrúar 2017 þar sem kom fram ósk um að bæta við þremur ferðum í pöntunarþjónustu á leið 29 á virkum dögum. Tilgangur breytinganna er að auka tíðni ferða til og frá Kjalarnesi þannig að yfirleitt sé ekki meira en klukkustund á milli ferða á virkum dögum.

NÚVERANDI STAÐA

Eins og staðan er í dag býðst íbúum Kjalarness að ferðast annars vegar með leið 57 milli Kjalarness og Háholts/Ártúns/Mjóddar og hins vegar með leið 29 sem er en hægt er að skipta á öllum þessum stöðum í mismunandi leiðir sem aka víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

Leið 57 er landsbyggðarleið sem er rekin af Samtökum Sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og ekur hún að jafnaði á u.þ.b. 1-2 klst. fresti á virkum dögum. Leið 29 er í pöntunarþjónustu (Hreyfill) og er rekin af Strætó bs en á henni eru þar þrjár ferðir í boði á dag, tvær frá Esjuskála og ein frá Háholti.

BREYTINGARTILLAGA

Tillagan snýst um að bæta við þremur ferðum á leið 29 alla virka daga, annars vegar tveimur ferðum frá Háholti, kl. 19:48 og kl. 22:04 og hins vegar einni ferð frá Esjuskála, kl. 11:18. Þetta myndi þýða tvöföldun á fjölda ferða á leið 29.

KOSTNAÐUR

Árið 2016 voru 313 ferðir pantaðar og var kostnaðurinn u.þ.b. 1,19 m.kr. í heildina, að meðaltali var kostnaðurinn því um 3.800 kr. fyrir hverja ferð. Það má gera ráð fyrir að hver viðbótarferð sem er pöntuð muni kosta svipað að meðaltali en ekki er hægt að segja til um fyrirfram hversu oft þessar viðbótarferðir verða nýttar og því ómögulegt að reikna út heildarkostnaðinn sem breytingin mun hafa í för með sér.